



## Af innleiðingu SMT-skólafærni í einu sveitarfélagi: Áskoranir en vel unnið verk

Leifur S. Garðarsson, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir

► Abstract    ► Um höfunda    ► About the authors    ► Heimildir

Mikilvægt er að skólar búi yfir árangursríkum og skipulögðum aðferðum til þess að mæta þörfum allra nemenda og móta jákvætt andrúmsloft í skólasamfélaginu. Starfsfólk þarf meðal annars að hafa yfir að ráða áhrifaríkum leiðum til að efla jákvæða hegðun nemenda og koma í veg fyrir óæskilega hegðun. SMT-skólafærni er dæmi um slíka heildræna og þrepaskipta aðferð en hún hefur verið notuð hérlendis í yfir 20 ár. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða stöðu innleiðingar SMT-skólafærni í einu sveitarfélagi og hvernig henni er viðhaldið 20 árum síðar. Kannað var hvernig þjálfun og fræðslu starfsfólks er háttað, hvernig gæðaeftirlit fer fram og hvort nægar bjargir og stuðningur við verkefnið séu fyrir hendi. Viðtöl voru tekin við fimm skólastjórnendur sem allir hafa mikla reynslu af SMT-skólafærni vegna starfa sinna við grunnskóla sveitarfélagsins. Þemagreiningu Braun og Clarke (2013) var beitt við úrvinnslu gagna. Niðurstöður sýndu að grunnskólarnir hafa haldið vel utan um SMT-skólafærni í kjölfar innleiðingar, að mati þátttakenda. Mikil þekking hafi skapast innan skólanna og almennt er litið á SMT-skólafærni sem ákjósanlegan kost til þess að mæta þörfum allra nemenda. Niðurstöður eru hins vegar einnig ákall á aðstoð því skólastjórnendur töldu að stuðningi við aðferð, viðhaldi og framtíðarsýn SMT-skólafærni væri ábótavant í sveitarfélaginu. Þjálfun, fræðsla og handleiðsla starfsfólks og stjórnenda væri nánast alfarið að frumkvæði starfsfólks innan skólanna. Eina aðkoma sveitarfélagsins að SMT-skólafærni væri við fyrirlögn matstækisins *School Evaluation Tool* (SET), sem metur hversu nákvæmlega starfsfólk framfylgir leiðbeiningum um aðferðina, eða tryggð skólanna við aðferðina. Einnig kom í ljós að eftirfylgni vegna mats á tryggð við aðferð virðist skorta. Niðurstöður eru áskorun fyrir sveitarfélagið um að varðveita þekkingu á SMT-skólafærni innan skólanna og þróa starfið enn frekar.

**Efnisorð:** SMT-skólafærni, PMTO-foreldrafærni, gagnreynd aðferð, innleiðing, tryggð við aðferð

### Inngangur

Forsenda árangurs nemenda og starfsfólks í skóla margbreytileikans er að allt skólastarf hvíli á grunni árangursríkra aðferða sem styðja við verndandi þætti og draga úr áhættuþáttum í lífi barna og ungmenna. PBIS (e. Positive Behavioral Interventions and Support), sem hefur verið notuð hér á landi í rúma tvo áratugi, er dæmi um slíka aðferð. Hún var þróuð við Háskólann í Oregon (Walker o.fl., 1996) með það meginmarkmið að stuðla að góðri hegðun og líðan allra nemenda í skólasamfélaginu með þrepaskiptu forvarna- og stuðningslíkani (e. multi-tiered system of support) byggðu á samræmdum viðbrögðum alls starfsfólks (Horner og Sugai, 2015).

Þessi rannsókn tekur til grunnskóla í einu sveitarfélagi þar sem allir tóku virkan þátt í vinnunni og full innleiðing í öllum grunnskólum hafði átt sér stað árið 2013. Verkefnið hefur alla tíð verið unnið undir heitinu SMT-skólafærni (e. School Management Training) hér á landi þegar PBIS er nýtt í tengslum við gagnreynda foreldrafærniúrræðið *Parent Management Training – Oregon aðferð* (PMTO; Patterson o.fl., 1992, 2002) eða PMTO-foreldrafærni (Margrét Sigmarsdóttir, 2016). Í greininni er hugtakið *v* notað sem samheiti skólafærniáðferðanna en heitið kom upphaflega til þar sem verkið var samofið PMTO-foreldrafærni og því samhljómur og samhengi fyrir alla.

## PMTO-foreldrafærni

Fjallað verður stuttlega um bakgrunn og útfærslu foreldrafærniúrræðisins þar sem sú aðferð var innleidd fyrst hérlendis og hefur verið regnhlífarnálgun mismunandi þátta innleiðingar, þar á meðal SMT-skólafærni. Í sveitarfélaginu þar sem rannsóknin fór fram hófst markviss innleiðing foreldraúrræðisins árið 2000 og SMT-skólafærni árið 2002 (Margrét Sigmarsdóttir, 2016). Meginmarkmiðið var að styðja fjölskyldur og skólasamfélagið til að stuðla að bættri aðlögun allra barna sveitarfélagsins.

PMTO-foreldrafærni byggist á líkani Gerald's Pattersons, Social Interaction Learning model (SIL; Patterson o.fl., 1992), þar sem gengið er út frá að barn læri hegðun af tengslum sínum við aðra, uppalandur séu megináhrifavaldar um aðlögun og líðan barna sinna og ákveðin mynstur hegðunar styrkt. Það getur leitt til vaxandi samskiptaerfiðleika og valdbeitingar, sem ýtir undir neikvæða hegðun og getur þannig stuðlað að hegðunarvanda barna (Forgatch og Patterson, 2010). Markmiðið er að veita foreldrum leiðsögn með því að aðstoða þá við að nota uppeldisaðferðir sem leiða til bættrar aðlögunar (Rains o.fl., 2021). Um er að ræða fimm meginþætti; kerfisbundna hvatningu, að setja mörk, markviss eftirlit, lausnaleit og jákvæðni í samveru og afskiptum þar sem meðal annars er komist að samkomulagi um reglur og skipulag (Forgatch o.fl., 2017). PMTO uppfyllir skilyrði þess að teljast gagnreynd aðferð (e. evidence-based intervention) sem felur meðal annars í sér að henni fylgir ítarleg handbók þar sem nákvæm lýsing er á aðferðinni og sýnt hefur verið fram á árangur í slembivalrannsóknum (Chambless og Hollon, 1998). Aðferðin hefur verið rannsökuð sérstaklega á Íslandi (Margrét Sigmarsdóttir o.fl., 2015) og innleiðingin líka (Margrét Sigmarsdóttir o.fl., 2019) og eru niðurstöður góðar. Einnig hefur komið fram hérlendis að í sveitarfélögum þar sem farið hafði fram markviss innleiðing PMTO og skyldra aðferða dró úr fjölda tilvísana til sérfræðinga (vegna áhyggna af stöðu og líðan barna) í samanburði við önnur sveitarfélög þar sem slík innleiðing hafði ekki átt sér stað (Margrét Sigmarsdóttir og Anna Björnsdóttir, 2012).

## SMT-skólafærni

SMT-skólafærni byggist á þrepaskiptu forvarnalíkani þar sem skýrar væntingar um hegðun og félagsfærni eru undirstaða (Horner og Sugai, 2015; Lewis og Sugai, 1999) og unnið er með ákveðna lykilþætti frekar en að ítarlegri námskrá eða handriti sé fylgt (Lewis o.fl., 2010). SMT-teymi, skipað fulltrúum úr þverfaglegum hópi starfsfólks og stjórnenda, hefur umsjón með verkefninu í hverjum skóla og annast meðal annars fræðslu og handleiðslu samstarfsfólks (Sprague og Golly, 2004).

Eftir fræðilega kynningu á SMT-skólafærni þarf samþykki að minnsta kosti 80% starfsfólks svo innleiðing geti hafist. Upphaf innleiðingar SMT-skólafærni felur í sér að starfsfólk skóla vinnur saman að því að ákveða, þróa og aðlaga væntingar um jákvæða hegðun. Væntingar um hegðun teljast til fyrsta þreps sem snýr að öllum nemendum skólans með það að markmiði að efla jákvæða hegðun nemendahópsins í heild. Búin eru til sameiginleg yfirheiti (dæmi: „ábyrgð, samvinna, öryggi“) og viðmið um hegðun sem annaðhvort gilda sem reglur skólans eða virka við hlið þeirra. Viðmið um hegðun geta verið mismunandi eftir svæðum skólans, s.s. í matsal, á leiksvæði og í kennslustofu. Viðmiðin eru kennd og gerð sýnileg, auk þess sem starfsfólk þjálfar þau með skýrum fyrirmælum til nemenda og styður við jákvæða hegðun þeirra með markvissri hvatningu (Sprague og Golly, 2004). Í næstu skrefum innleiðingar skipuleggur starfsfólk kerfisbundna hvatningu og áherslur fyrir hvert svæði innan skólans, en þessir þættir teljast einnig til fyrsta þreps og taka þar með til

alls nemendahópsins. Til þess að hvatning sé markviss og nýtt sem oftast notar hver starfsmaður svokallaða „hrósmiða“ í daglegu starfi, veitir jákvæðri hegðun nemenda athygli, hrósar fyrir hana með hvatningarorðum og afhendingu hrósmiða. Algengt er að skólar tengi umbunar- eða hrósmiða merki skólans, áherslum eða staðsetningu. Þannig gæti hrósmiði kallast blóm ef blóm er í merki skólans, hraun ef húsnaði skólans er við hraunjaðar og svo framvegis. Hver bekkur safnar síðan hrósmiðum saman sem hópur til þess að efla liðsheilid. Þegar bekkur hefur náð ákveðnum fjölda hrósmiða er skóladagurinn brotinn upp með fyrirfram ákveðnum hætti. Megináhersla er lögð á að veita jákvæðri hegðun athygli og stuðla þannig að jákvæðum skólabrag (Sprague og Golly, 2004).

Þótt SMT-skólafærni byggist fyrst og fremst á að hvetja til jákvæðrar hegðunar er einnig brýnt að skilgreina samræmd viðbrögð starfsfólks við frávikum frá væntingum. Í þessu skrefi eru afleiðingar óæskilegrar hegðunar ákveðnar, aðlagðar og kynntar. Í framhaldi eru mótaðar aðgerðir sem snúa sérstaklega að nemendum sem sýna merki um hegðunarvanda, t.d. með þjálfun í reglum, eftirliti og auknu aðhaldi, markvissum aðgerðum í skólastofu og þjálfun til að auka einbeitingu og athygli nemenda. Sýni nemendur óæskilega hegðun er hún skráð á svokallaðan skráningarmiða eða stoppmiða en þar skrá starfsmenn hvers konar hegðun nemandinn sýndi, alvarleikastig, á hvaða svæði skólans atvik átti sér stað og hver eftirfylgnin var (Anna María Frímansdóttir og Margrét Sigmarsdóttir, í prentun).

Annað þrep SMT-skólafærni beinist að nemendum sem þurfa meiri leiðsögn í að efla félagsfærni sína og samskipti, yfirleitt um 7–10% hópsins. Gjarnan er unnið með nemendum í smærri hópum og samskipti heimilis og skóla aukin. Foreldrum er boðið að sækja námskeið í PMTO-foreldrafærni og kennarar fá leiðsögn í bekkjarstjórnun, sérstaklega í aðferðum lausnaleitar í kennslustofu (Sprick o.fl., 1998).

Á þriðja þrepi er hugað að nemendum með alvarlegri hegðunarfrávik, sem eru yfirleitt um 3–5% allra nemenda skólans. Á þessu stigi eru aðferðir lausnaleitar nýttar enn frekar og sérstöku lausnateymi jafnvel komið á fót. Í lausnateymum skóla sitja yfirleitt fjórir til sex einstaklingar, gjarnan stjórnendur með grunnmenntun PMTO, námsráðgjafar og skólasálfræðingar. Teymið skipuleggur eftirfylgni með hegðun nemenda og aðstoðar kennara við að skapa ákjósanlegt skólaumhverfi fyrir alla, svo sem með gerð markvissra einstaklingsmiðaðra stuðningsáætlana (Debnam o.fl., 2012). Ítarlegt samstarf er við foreldra og þeim boðin PMTO-þjónusta (Anna María Frímansdóttir og Margrét Sigmarsdóttir, í prentun).

Rannsóknir á SMT-skólafærni hafa sýnt jákvæðar breytingar á skólastarfi og skólaumhverfi barna og unglunga við innleiðingu aðferðarinnar. Kerfisbundin samantekt og safngreining Lee og Gage (2020) á alls 29 rannsóknum sýndi til dæmis að þessar aðferðir höfðu marktæk jákvæð áhrif á námsárangur og hegðun nemenda, skólamenningu og aukna öryggistilfinningu í skólanum. Niðurstöður langtímarannsóknar Pas og félaga (2019) sem spannaði sex ára tímabil voru svipaðar en þar voru metin áhrif SMT-skólafærni í einu ríki Bandaríkjanna. Í ljós kom að í skólum sem fylgdu þessu verklagi, bæði á yngsta og mið-/unglingastigi, tók námsframmistaða í lestri og stærðfræði marktækum framförum og brottvísunum úr skóla fækkaði á rannsóknartímabilinu, miðað við skóla sem höfðu ekki innleitt þessi vinnubrögð. Norsk langtímarannsókn Sørli og Ogden (2015), þar sem rúmlega 1200 kennarar og 7640 nemendur á aldri 9–12 ára í alls 48 skólum svöruðu spurningalistum, sýndi sömuleiðis að í skólum sem höfðu innleitt SMT-skólafærni batnaði hegðun nemenda, félagsfærni jókst, bekkjarstjórnun varð markvissari og andrúmsloft í skólastofu jákvæðara, miðað við skóla sem studdust ekki við SMT-skólafærni. Fyrri rannsókn Horner o.fl. (2009) varpaði einnig ljósi á jákvæð áhrif SMT-skólafærni í Bandaríkjunum á hegðun nemenda og aukna félags- og tilfinningafærni, auk jákvæðra áhrifa í skólastofum.

## Mikilvægir þættir innleiðingar SMT-skólafærni

Gagnreyndar aðferðir á borð við SMT-skólafærni eiga vissulega erindi við skólasamfélagið en þótt niðurstöður fjölda rannsókna tali sínu máli um gagnsemi aðferðanna (t.d. Bradshaw o.fl., 2010; Horner o.fl., 2009; Sørliie og Ogden, 2015) er ekki þar með sagt að innleiðing þeirra sé sjálfsgöð. Innleiðingarferli byggir eins konar brú á milli niðurstaðna rannsókna og samfélagsins þar sem niðurstöðurnar eru hagnýttar. Innleiðing er margþætt og felur meðal annars í sér uppbyggingu allra innviða sem eru nauðsynlegir fyrir framgang og viðhald verkefnisins bæði til skemmri og lengri tíma (Fixsen o.fl., 2005). Mikilvægt er að starfsfólk skóla framfylgi leiðbeiningum um aðferðina vandlega, oft skilgreint sem tryggð (e. fidelity) við aðferð, líkt og gert er framvegis í þessari grein.

Líkt og búast mætti við hafa rannsóknir á tryggð við innleiðingu SMT-skólafærni sýnt að eftir því sem hún eykst, þeim mun minni er hegðunarvandi (Flannery o.fl., 2014; Horner o.fl., 2009) og skólasókn og námsframmistaða betri (Pas og Bradshaw, 2012). Sömu leiðis virðist minni hegðunarvandi og bættur skólabragur spá fyrir um aukna tryggð við aðferð allt að þremur árum síðar (Elrod o.fl., 2022). Í niðurstöðum Elrod og félagar (2022) úr 288 skólum í Bandaríkjunum kom að auki í ljós að eftir því sem stuðst hafði verið lengur við SMT-skólafærni jókst tryggð við aðferð, skólabrag fór fram og hegðunarvandi minnkaði. Til þess að slíkur árangur náist er mikilvægt að halda aðferðunum við til lengri tíma. Stuðningur skólastjórnenda og skólafyrirvalda skiptir þar máli, til dæmis að skapa styðjandi lærdómssamfélag um SMT-skólafærni og tryggja samstarf og handleiðslu starfsfólks og sérfræðinga, en það tengist auknum líkum á að tryggð við aðferð haldist til lengri tíma (Coffey og Horner, 2012; McIntosh o.fl., 2013).

Samhljóma niðurstöður mátti sjá í stórrí rannsókn Sørliie (2021) í 45 grunnskólum í Noregi sem innleiddu SMT-skólafærni. Í ljós kom að mikilvægustu forspárþættir langtímatryggðar við aðferð tengdust innra starfi skóla, til dæmis skólamenningu, viðbrögðum kennara við hegðunarvandkvæðum og fyrri tryggð við innleidda aðferð. Eftir fjögurra ára innleiðingu SMT-skólafærni mældist tryggð við aðferð mest hjá skólum sem höfðu mesta trú á gagnreyndum aðferðum og trúðu að SMT-skólafærni væri áhrifarík aðferð sem hentaði vel í daglegu starfi þeirra. Að auki kom í ljós, ef til vill nokkuð óvænt, að tryggð við aðferð mældist einna mest í skólum þar sem saga var um samskiptaerfiðleika milli kennara og nemenda og starfsfólk hafði litla trú á að geta eftir árangur nemenda. Einnig var áhugavert að ýmsar lýðfræðilegar breytur sem almennt eru áhrifaþættir í bandarískum rannsóknum, eins og skólastærð, þéttbýli skólahverfis, hlutfall innflytjenda meðal nemenda, kyn kennara, aldur, menntun og reynsla, voru það ekki í norsku rannsókninni. Þetta gefur til kynna að í fámennari löndum þar sem minna er um fátækt og ójöfnuð, svo sem á Norðurlöndunum, geri skólamenning betur kleift að spá fyrir um tryggð við aðferðir eins og SMT-skólafærni (Sørliie, 2021). Niðurstöður benda því til þess að auðveldara gæti verið að innleiða nálgunina í sveitarfélagi eins og rannsakad er í þessu verkefni. Þar eru skólar svipaðir að stærð og gerð og nærumhverfi og samsetning skólasamfélaga sambærileg að flestu leyti.

Niðurstöður þessara rannsókna styðja almennt að skýrt samband er milli tryggðar við aðferðir SMT-skólafærni og bættis námsumhverfis og hegðunar nemenda, sem að sama skapi styrkir starfsfólk við innleiðingu áhrifaríkra stuðningsaðferða. Að auki renna þessar niðurstöður stöðum undir það að ef SMT-skólafærni er ekki innleidd vandlega frá upphafi séu minni líkur á að starfsfólk taki eftir breytingum á hegðun nemenda og að námsumhverfi batni, sem þá dregur úr vilja starfsfólks til áframhaldandi innleiðingar.

## Markmið

Þessi rannsókn byggist á M.Ed.-verkefni fyrsta höfundar sem unnið var á námsleiðinni stjórnun menntastofnana við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmið hennar var að skoða innleiðingu SMT-skólafærni með áherslu á áframhaldandi framgang verkefnisins eða viðhald (e. sustainability) þess til lengri tíma í einu sveitarfélagi. Reynt var að varpa ljósi á mikilvæga þætti árangursríkrar innleiðingar (Fixsen o.fl., 2005) sem meðal annars snúa að viðhaldi, þjálfun, handleiðslu, stuðningi og

gæðaeftirliti til lengri tíma. Með öðrum orðum var rýnt í hvernig nálguninni reiðir af í sveitarfélaginu, sem er sérstaklega áhugavert þar sem í árdaga verkefnisins var haldið utan um verkefnið af stýrihópi á vegum sveitarfélagsins. Stýrihópurinn lauk störfum árið 2013 en sýnt hefur verið að fram að því var tryggð við aðferðina góð (Anna María Frímansdóttir og Margrét Sigmarsdóttir, í prentun). Upplýsingar um tryggð við aðferð eftir 2013 eru hins vegar takmarkaðar og beindist rannsóknin þess vegna að því að kanna hana nánar.

Til þess að fá skýra mynd var leitað eftir sjónarhorni fimm reyndra skólastjórnenda í sveitarfélaginu og upplýsinga aflað um þætti sem niðurstöður rannsókna benda til að stuðli að því að verkefni af þessum toga vaxi og dafni (sjá t.d. Fixsen o.fl., 2005), þrátt fyrir breytingar á stýringu þeirra. Skólastjórnendurnir hafa allir tekið þátt í innleiðingu og viðhaldi SMT-skólafærni í mörg ár og sumir í fleiri en einum grunnskóla í sveitarfélaginu. Kallað var eftir sjónarhorni skólastjórnenda, skoðað hvernig stjórnun verkefnisins fer fram í skólunum fimm og hvernig þjálfun, fræðslu og handleiðslu starfsfólks er háttað. Reynt var að fá fram skoðanir skólastjórnenda á því hver væri þörfin fyrir starfsmannþjálfun, þjálfun nýs starfsfólks í kjölfar innleiðingar, hver meti gagnsemi slíkrar þjálfunar og hver sinni henni. Leitast var eftir því að fá skoðun skólastjórnendanna fimm á fjárhagslegum og faglegum stuðningi sveitarfélagsins við SMT-skólafærni í kjölfar breytinga sem áttu sér stað þegar stýrihópur lauk störfum árið 2013. Einnig var kannað hvernig gæðaeftirliti er háttað, hvernig það fer fram og hvernig unnið er með niðurstöður úr slíku mati. Meginspurningar rannsóknarinnar beindust því að mati þátttakenda á eftirfarandi atriðum: 1) Hver er staða innleiðingar og viðhalds SMT-skólafærni í sveitarfélaginu? 2) Hver er þörf starfsfólks fyrir þjálfun, stuðning og fræðslu í SMT-skólafærni? 3) Hvernig fer gæðaeftirlit fram, hver ber ábyrgð á því og fylgir því eftir? 4) Hvernig er handleiðslu háttað og hver er faglegur og fjárhagslegur stuðningur sveitarfélagsins?

## Aðferð

Í þessari rannsókn var aðferðum eigindlegra rannsókna beitt til að fanga upplifun og reynslu skólastjórnenda af SMT-skólafærni í grunnskóla. Eigindlegar rannsóknir eru algengar í félagsvísindum þar sem talið er best að rannsaka félagsleg fyrirbæri í sínu umhverfi til að hafa þau sem næst raunveruleikanum (Lichtman, 2013).

Þátttakendur störfuðu allir sem skólastjórnendur í sveitarfélagi sem hefur verið í fararbroddi innleiðingar SMT-skólafærni á landsvísu og bjuggu yfir mikilli þekkingu á efni rannsóknarinnar. Því má skilgreina þátttakendahópin sem markmiðsúrtak (e. purposive sampling). Í rannsókninni tóku þátt fimm skólastjórnendur í jafnmörgum grunnskólum sveitarfélagsins, en alls hafa átta grunnskólar gengið í gegnum innleiðingarferlið. Sveitarfélagið hóf innleiðingu SMT-skólafærni árið 2002 og hefur frá upphafi stuðlað að viðhaldi og uppbyggingu, borið ábyrgð á þjálfun og handleiðslu starfsfólks, haldið utan um gæðaeftirlit og metið ávinning af verkefninu. Viðmælendur bjuggu því yfir mikilli þekkingu á SMT-skólafærni. Í hópi þátttakenda voru tvær konur og þrjú karlar á aldrinum 40–60 ára, öll með víðtæka reynslu af stjórnun í grunnskóla, það er, aðstoðarskólastjóri sem starfað hafði sem skólastjórnandi í tveimur skólum í sveitarfélaginu, skólastjóri sem starfað hafði sem skólastjórnandi í tveimur skólum í sveitarfélaginu og þrjú skólastjórar sem starfað höfðu sem skólastjórnendur innan sveitarfélagsins og utan þess. Rannsakandi fékk samþykki fyrir rannsókn sinni hjá hverjum skóla þegar eftir því var leitað.

## Framkvæmd

Viðmælendur fengu beiðni um þátttöku í viðtalsrannsókn í tölvuskeyti í september 2021 þar sem tilgangur rannsóknarinnar var útskýrður og þeir upplýstir um skipulag, tilgang og úrvinnslu gagna. Allir samþykktu að taka þátt í rannsókninni. Viðtölin fóru fram í nóvember 2021 og tók hvert viðtal rúmlega 60 mínútur. Viðtölin voru hljóðrituð til þess að auðvelda úrvinnslu.

Uppbygging viðtalsvísis var þannig að viðmælendur byrjuðu á að segja frá starfsreynslu sinni, bæði hvað árafjöldi og starfsstöðvar varðaði. Næst fjölluðu viðmælendur um reynslu sína og fyrstu kynni af SMT-skólafærni, innleiðingarferlið á hverjum stað fyrir sig, hvað hefði gengið vel og hvað hefði mátt gera betur, hvernig stuðningi var háttað, í hverju hann fólst og hvort og hvernig hann væri nú. Í framhaldi af því var rætt um áskoranir við að kenna nemendum SMT-skólafærni, reglur og aðferðir, hvað hefði gengið vel, hvað nemendum hefði þótt áhugaverðast og hvort eitthvað hefði vantað. Eins var spurt hvort viðmælendur hefðu merkt breytingu á nemendahópnum eftir innleiðingu, t.d. varðandi einbeitingu, seiglu, hegðun og tilfinningastjórn. Auk þess var rætt hvernig stjórnanda hafi persónulega gengið að tileinka sér aðferðir SMT-skólafærni. Farið var yfir þjálfunar- og fræðsluþörf starfsfólks, hverjir héldu utan um slíka þjálfun og fræðslu, hverjir bæru ábyrgð á handleiðslu nýs starfsfólks og hvort skólarnir fengju utanaðkomandi stuðning á þessu sviði. Því næst var umræða um skráningar, t.d. á hegðunarfrávikum, og gæðaeftirlit með SMT-skólafærni, hvernig það færi fram, hverjir bæru á því ábyrgð og sæju um eftirfylgni. Loks var farið yfir hvernig faglegum og fjárhagslegum stuðningi við SMT-skólafærni væri háttað nú, hvaða hindranir gætu valdið aðferðinni erfiðleikum og hvað þyrfti til þess að SMT-skólafærni héldist við og dafnaði í sveitarfélaginu.

## Úrvinnsla

Þegar gagnaöflun lauk hófst afritun viðtala sem var í höndum fyrsta höfundar. Á þessu stigi hefst í raun greining á gögnum því rannsakandi kynnist þeim náði og gerir sér þar með ákveðnar efnislegar hugmyndir (Braun og Clarke, 2013). Notuð var þemagreining í anda Braun og Clarke (2013) sem felur í sér greiningu á endurteknum þemum (e. patterned meaning) eftir nokkuð nákvæmu verklagi. Í þessari rannsókn fylgdi rannsakandi sex þrepa aðferð Terry o.fl. (2017).

## Niðurstöður og umræður

Almennt má segja að niðurstöður hafi leitt í ljós jákvæðni í garð SMT-skólafærni, að mikil þekking og færni í þessum aðferðum hafi skapast í skólunum og að vilji sé til að halda áfram að vinna eftir þeim. Að mati skólastjórnenda er SMT-skólafærni ákjósanleg aðferð til þess að mæta þörfum allra nemenda. Niðurstöður gáfu hins vegar einnig til kynna að stuðningi við SMT-skólafærni, viðhaldi hennar og framtíðarsýn sé ábótavant í sveitarfélaginu, að mati skólastjórnenda. Skólastjórnendur sögðu þjálfun, fræðslu og handleiðslu starfsfólks og stjórnenda byggjast nánast alfarið á frumkvæði og fyrri þekkingu starfsfólks innan skólanna og væru skipulagðar af þeim. Skólastjórnendur upplifðu að eina aðkoma sveitarfélagsins að verkefninu nú væri skipulag og tímasetning fyrir lagnar matstækis til að meta tryggð við aðferð en skortur væri á eftirfylgd með niðurstöðum matsins. Niðurstöðurnar eru því áskoranir fyrir viðkomandi sveitarfélag og ljóst að grípa þarf til aðgerða svo þekkingin sem skapast hefur í skólunum tapist ekki. Þá má einnig túlka niðurstöður sem ákall á hjálp frá skólastjórnendum til þess að þróa nálgunina enn frekar og bæta starfið til framtíðar.

Við þemagreiningu viðtala út frá svörum þátttakenda (Braun og Clarke, 2013) urðu til fjögur lýsandi þemu. Þeim voru gefin eftirfarandi heiti: 1) *Markvissir starfshættir með sterkri leiðsögn stýrihóps*; 2) *Viðhald á þekkingu starfsfólks skortir stuðning sveitarfélagsins*; 3) *Gæðamat og mælingar, en hvað svo?* og 4) *Minni stuðningur þrátt fyrir vonir og framtíðarventingar*. Sjá má yfirlit yfir þemu og helstu niðurstöður hvers þeirra fyrir sig í Töflu 1 en nánar er fjallað um hvert þeirra í sérstökum undirköflum hér á eftir.

**Tafla 1.** Þemu og meginniðurstöður.

Þema	Niðurstöður
Markvissir starfshættir með sterkri leiðsögn stýrihóps	<p>Meirihluti starfsfólks skólanna var tilbúinn í verkefnið, innleiðing gekk vel og vakti áhuga.</p> <p>Stýrihópur vann faglegt starf við innleiðingu og viðhald SMT-skólafærni og mikil ánægja var með störf hans.</p> <p>Verkfærakista SMT-skólafærni nýttist lausnateymum við úrvinnslu nemendamála.</p>
Viðhald á þekkingu starfsfólks skortir stuðning sveitarfélagsins	<p>Skólarnir búa að fyrri þjálfun á vegum sveitarfélagsins og byggist handleiðsla starfsfólks, stjórnenda og SMT-teymis alfarið á fyrri þekkingu og grunnmenntun þeirra sem sótt hafa slíka þjálfun.</p> <p>Ánægja með þjálfun og fræðslu stýrihóps sem hélt námskeið og fundi með SMT-teyminum skólanna. Verulega hafi dofnað yfir miðlægri fræðslu sveitarfélagsins eftir brotthvarf stýrihóps árið 2013.</p> <p>Dregið hefði úr námskeiðahaldi PMTO-grunnmenntunar af hálfu sveitarfélagsins. Þetta sé bagalegt því reglulega endurnýjast í hópi starfsfólks skólanna og nauðsynlegt að manna SMT-teymi með starfsfólki með PMTO-grunnmenntun.</p>
Gæðamat og mælingar, en hvað svo?	<p>Gæðaeftirlit hefur verið eina innlegg sveitarfélagsins síðustu ár. Sveitarfélagið hafi ýtt á eftir mati á tryggð við aðferð, þar sem fulltrúar eins skóla færu í annan og tækju SMT-skólafærni út með SET-matslista.</p> <p>Óánægja með skort á miðlægri eftirfylgni með SET-niðurstöðum. Ekki sé unnið úr niðurstöðum matsins.</p> <p>Virkni SMT-skólafærni í eldri bekkjum er takmörkuð. Það virðist tengjast viðhorfi kennara, sem sumum fyndust eldri nemendur of gamlir fyrir hrós- eða skráningarmiða. Hins vegar væru eldri nemendur þessu ósammála og vildu meiri virkni hjá kennurum, svo sem umbunarkerfi og hrós, enda vanir þátttöku í SMT-skólafærni frá yngri stigum.</p>
Minni stuðningur þrátt fyrir vonir og framtíðarvæntingar	<p>Stuðningur, hvatning, eftirfylgni og ráðgjöf hefðu verið ríkjandi á fyrstu árum verkefnisins en nú væri sveitarfélagið áhugalítið um SMT-skólafærni. Stuðningur sveitarfélagsins væri í lágmarki, miðlægt starfsmannahald óstöðugt og fjármagn til verkefnisins takmarkað.</p> <p>Jákvæða umræðu um SMT-skólafærni í sveitarfélaginu og skólasamfélaginu í heild virðist skorta. Kynna þurfi hugmyndafræðina betur fyrir foreldrum og almenningi svo ljóst sé um hvað hún snýst.</p> <p>Von um að SMT-skólafærni fái að þróast og dafna í sveitarfélaginu en til þess þurfi nauðsynlega að auka við allan stuðning sveitarfélagsins.</p> <p>Mikilvægt að sveitarfélagið marki sér skýra stefnu um uppeldisaðferðir og skólafærni sem er opinber og mótuð í samvinnu við skólafólk.</p>

## Markvissir starfshættir með sterkri leiðsögn stýrihóps

Fyrsta þemað sýndi að viðmælendur töldu innleiðingu SMT-skólafærni í sveitarfélaginu hafa farið faglega og skipulega fram undir stjórn stýrihóps sem starfaði á árunum 2000–2013 innan sveitarfélagsins. Þrátt fyrir fastan ramma um innleiðingu, sem mikilvægt var að fylgja nákvæmlega, hafði hver skóli engu að síður tækifæri til að sníða verkferla að sínum aðstæðum. Jafnframt kom fram að gengið hefði verið úr skugga um að meirihluti starfsfólks, að minnsta kosti 80% hópsins í hverjum skóla, væri tilbúinn í verkefnið með atkvæðagreiðslu áður en innleiðing hófst. Það samræmist ráðleggingum Sprague o.fl. (1999) enda snýst nálgunin að miklu leyti um samræmd viðbrögð alls starfsfólks gagnvart hegðun allra nemenda. Því sé mikilvægt að starfsfólk skólans sé samtaka um að vinna eftir aðferðinni. Innleiðingarferlið í sveitarfélaginu samræmist einnig hugmyndum McIntosh o.fl. (2013, 2018) sem lögðu áherslu á skuldbindingu starfsfólks og að starfsfólk væri sammála um grundvallaratriði.

Í viðtölum kom skýrt í ljós að upphaflegi stýrihópurinn vann mikilvægt starf við innleiðingu og viðhald SMT-skólafærni í skólum sveitarfélagsins og mikil ánægja var með störf hópsins. Einn skólastjórnenda lýsti starfsaðferðum sérfræðings í sínum skóla með þessum hætti:

... hvað hún notaði mikið af þessu sem fylgir í innleiðingunni og þetta bara að fá ekki upp mótstöðu svona það sem maður lærir svo vel sjálfur og maður notar með starfsmönnum og með foreldrum, að hún var ótrúlega fær og flink í því, og það var bara ótrúlega fljótt ofsalega góð stemning fyrir þessu. Þetta gekk ótrúlega vel og miklu hraðar en við áttum von á, það var mikil samstaða í teyminu, mikil samstaða í skólanum og mikill spenningur fyrir þessu.

Miðað við þessi orð þátttakanda einkenndist innleiðingin af jákvæðni og miklum samstarfsvilja, bæði innan SMT-teymisins og meðal starfsfólks skólans í heild. Skólastjórnendur báru innleiðingarvinnunni þannig góða sögu þó svo að í einstaka tilvikum hafi eilítið vantraust og mótstaða skotið upp kollinum, en slíkt var leyst af skólastjórnendum á hverjum stað fyrir sig. Líkt og Fixsen o.fl. (2005) bentu á byggir innleiðing brú á milli fræða og samfélags og því ljóst að stýrihópnum hefur tekist það vel. Fram kom í viðtölunum að stýrihópurinn veitti faglegan stuðning, hélt námskeið og styttri fundi fyrir starfsfólk auk þess sem sérfræðingar úr hópnum handleiddu SMT-teymi skólanna. Einn skólastjórnandinn orðaði það svona:

Góðir fundir og vel skipulagt og þannig stuðningurinn frá skólaskrifstofunni á þessu stigi í innleiðingunni var bara mjög finn. Það vantaði ekkert upp á það að það voru fundir, vinnufundir, kynningar og fylgt svo aðeins eftir sko.

Þrátt fyrir viðbúinn einstaklingsbundinn mun á meðlimum stýrihópsins starfaði hann vel sem heild. Í svörum viðmælenda var þó ljóst að síður hentaði að sérfræðingur úr stýrihópi væri einnig starfsmaður viðkomandi skóla. Flestir grunnskóla sveitarfélagsins luku innleiðingu á meðan stýrihópurinn var enn að störfum en nýir skólar hafa bæst við síðan. Í viðtölum var skýrt að innleiðing með stýrihópnum var markvissari heldur en nú þegar nýir skólar innleiða SMT-skólafærni, sérstaklega þar sem ráðgjafi eða sérfræðingur er nú einn til aðstoðar við hvern skóla en ekki hluti af teymi. Með vinnu stýrihópsins hafi stuðningur verið þéttari, handleiðsla reglulegri og styttra í fræðslu fyrir starfsfólk, sem rannsóknir hafa sýnt að eykur líkur á góðum árangri (Coffey og Horner, 2012; McIntosh o.fl., 2013). Sumir stjórnenda töldu mikilvægt að endurinnleiða SMT-skólafærni á einhvern hátt þó líklega væri ekki þörf á að mynda jafnstóran stýrihóp og starfræktur var í árdaga verksins.

Skólastjórnendur sögðu skólana reyna eftir fremsta megni að halda verkefninu gangandi og sýna tryggð við aðferðina. Bentu þeir til dæmis á SMT-teymi væri starfrækt innan hvers skóla þar sem meðlimir mynda þverskurð af starfsmannahópnum, þ.e. fulltrúar úr öllum starfshópum. Skólarnir fylgja þar með því sem Sprague og Golly (2004) lögðu áherslu á að í SMT-teymi hvers skóla væru lykilaðilar innan skólans sem hefðu það hlutverk að handleiða og fræða samstarfsfólk sitt. SMT-teymi stýrir verkefninu á hverjum stað fyrir sig með aðkomu skólastjórnenda. Skólastjórnendur voru sammála um að þátttaka stjórnenda í verkefninu væri mikilvæg fyrir tryggð við aðferðina og yki vægi



hennar innan skólans, sem er einmitt forsenda árangurs (Coffey og Horner, 2012; McIntosh o.fl., 2013; Sørli, 2021). Misjafnt var eftir skólum hversu margir skólastjórnendur sátu í SMT-teymi á hverjum stað.

Í viðtölum komu einnig fram mikilvægar upplýsingar um lausnateymi sem skólarnir starfrækja samhliða SMT-teymi. Í þeirri vinnu nýtist, að mati þátttakenda, verkfærakista SMT-skólafærni og tengsl við innleiðingu PMTO-aðferðar vel við leit að farsælli lausn á málum nemenda. Slík vinna fellur vel að hugmyndum Forgatch o.fl. (2017) um lausnaleit en hún er einmitt einn af grunnþáttum PMTO-foreldrafærni sem SMT-skólafærni byggist á. Einn viðmælenda lýsti lausnateymi í sínum skóla svo:

Þá kemur kennarinn á fund til lausnateymis og lýsir sínum vanda og lausnateymið fer svo í lausnaleit og reynir að styðja kennarann við lausn vandans og notar þá verkfærakistu SMT ... eitthvað sem hópurinn talar sig saman um.

Í lausnateymi sitja gjarnan sérfræðingar innan skólans eins og námsráðgjafi, deildarstjóri stoðþjónustu og deildarstjóri stiga en teymið starfar við hlið kennara við að finna lausnir á vanda einstakra nemenda eða hóps í kennslustofu, gjarnan í samstarfi við foreldra. Hugmyndir Sprick o.fl. (1998) ganga út á að kennarar fái sérstaka fræðslu um lausnaleit í kennslustofu en það er einmitt eitt mikilvægra verkefna lausnateyma skólanna að heimsækja kennslustundir, meta kennslu, finna leiðir að úrbótum í samstarfi við viðkomandi kennara og benda á það sem vel er gert.

## Viðhald á þekkingu starfsfólks skortir stuðning sveitarfélagsins

Samkvæmt skólastjórnendum heldur SMT-teymi utan um þjálfun og handleiðslu í hverjum skóla, í teyminu sitji a.m.k. einn skólastjórnandi sem er teymisstjóri eða þá að forystan sé í höndum deildarstjóra eða kennara með grunnmenntun PMTO. Skólarnir búa að fyrri þjálfun og fræðslu á vegum sveitarfélagsins og byggist handleiðsla starfsfólks, þar með talið stjórnenda og SMT-teymis, alfarið á fyrri þekkingu og grunnmenntun þeirra sem sótt hafa slíka þjálfun. Lítið er því um innlegg og nýja fræðslu frá sveitarfélaginu en Bergljót Gyða Guðmundsdóttir o.fl. (2021) lögðu einmitt áherslu á mikilvægi starfsþróunar grunnskólakennara á Íslandi og að þeir fái markvissa ráðgjöf og fræðslu til þess að beita gagnreyndum aðferðum fyrir alla nemendur, sérstaklega þá sem þurfa stuðning vegna hegðunar. Fram kom í viðtölunum að í sumum tilvikum skipar SMT-teymið sérstakan fræðslustjóra sem heldur utan um fræðslu fyrir sinn skóla, t.d. með öfræðslufundum með starfsfólki. Skólarnir halda hver fyrir sig SMT-skólafærnikynningu fyrir nýtt starfsfólk á hverju hausti þar sem farið er yfir afmörkuð atriði á hverjum stað. Einn viðmælenda lýsti stöðunni svona:

Það hefur vantað töluvert upp á þetta núna svona sérstaklega síðustu ár svona varðandi aðstoð og aðkomu. Við höfum svolítið verið að sprikla bara skólarnir í að reyna að finna leiðir ... Þetta er í raun og veru innanhúss hjá okkur í höndunum á þeim sem erum með grunnmenntunina, þetta er í höndum stjórnenda og stjórnendur eru með nýliðakynningu á haustin og eru þá líka með sérstakan fund um SMT-kerfið.

Sveitarfélagið hefur einnig verið með almenna kynningu fyrir nýtt starfsfólk en þeirri fræðslu hefur verið ábótavant undanfarið, að sögn þátttakenda. Niðurstöður sýndu jafnframt að ánægja var með þjálfun og fræðslu stýrihóps, hópurinn hélt námskeið og fundi með SMT-teyminum skólanna en eins og að framan greinir hefur dofnað verulega yfir miðlægri fræðslu sveitarfélagsins eftir brotthvarf stýrihóps árið 2013. Þetta er ekki í anda þess sem Fixsen o.fl. (2005) fullyrta um lykilþætti, það er að þeir sem sjá um framkvæmd fái tilskilda handleiðslu og þjálfun. Skólastjórnendur söknudðu þess að fá upplýsingar um nýjungar og fræðilegar upplýsingar með miðlægum hætti. Lítið væri um leiðsögn af hálfu sveitarfélagsins og eins og staðan væri nú starfaði enginn á fræðslusviði sérstaklega að SMT-skólafærni. Rannsóknir hafa sýnt að til þess að halda aðferðinni við þurfi starfsfólk að fá þjálfun og fræðslu til þess að taka forystu, sýna frumkvæði og efla sjálfstæð vinnubrögð (Lennox, 2020; Mathews o.fl., 2014). Skólastjórnandi kom inn á þetta í viðtali og sagði:

Við söknum þess svólítið því okkur finnst vera lítið utanumhald fyrir okkur. Maður er bara að hugsa svona nýjungar ... nýjar rannsóknir, nú breytist samfélagið okkar ... það þarf alltaf að endurskoða svona kerfi út frá samfélaginu og viðhorfum sem eru í dag og mér finnst svona svólítið vanta að við fáum þetta hérna á Íslandi. Að einhver sé að fylgjast með fyrir okkur og miðli til okkar alla vega.

Ljóst er að skólana skortir upplýsingar um nýjar rannsóknir og áherslur. Það er óheppilegt þar sem árangursrík innleiðing gerir ráð fyrir að gagnreynd vinnubrögð þróist í takti við samfélagsbreytingar og bestu þekkingu hverju sinni (Fixsen o.fl., 2005). Í þessu samhengi lögðu skólastjórnendur áherslu á mikilvægi þess að SMT-teymi allra skóla funduðu reglulega. Þar gæfist tækifæri til þess að spegla ákveðnar hugmyndir og fá endurgjöf og álit samstarfsaðila sem störfuðu að sama verkefni en á öðrum stað. Þá var mikill áhugi meðal skólastjórnenda á að fá starfsfólk úr öðrum skólum sveitarfélagsins með þekkingu á SMT-skólafærni til þess að veita fræðslu, því oft væri nauðsynlegt að fá sýn utanaðkomandi aðila. Þetta er algerlega í samræmi við niðurstöður Coffey og Horner (2012), þar sem líkur á tryggð við aðferð og viðhald hennar voru meiri innan skóla sem fengu utanaðkomandi stuðning og höfðu tækifæri til samtals við aðra skóla um SMT-skólafærni heldur en í skólum sem höfðu ekki þann möguleika. Einn skólastjórnendanna nefndi þetta og sagði:

Það vantar hérna ... fyrir teymið sjálft eða SMT-teymið þá þarf að hafa reglulega fundi, það voru tveir fundir fyrir áramót og tveir fundir eftir áramót fyrir SMT-teymin og skiptir rosalega miklu máli. Af því bara að fá aðeins að spegla, þetta líka er svona að það heldur manni á tánum af því að ég á að vera búin að þessu, skila af sér og svona. Og eins fyrir lausnateymin, þar voru líka fjórir fundir á ári, skiptir gríðarlegu máli.

Í viðtölunum kom skýrt fram að skólastjórnendur töldu námskeið í grunnmenntun PMTO (sjá Margrét Sigmarsdóttir, 2016) gagnleg en þau voru áður haldin markvisst og reglulega. Dregið hefði úr námskeiðahaldi PMTO-grunnmenntunar af hálfu sveitarfélagsins sem væri bagalegt því reglulega endurnýjast í hópi stjórnenda og starfsfólks skólanna og nauðsynlegt að geta mannað SMT-teymi með starfsfólki með grunnmenntun. Mikilvægt væri að námskeiðum yrði haldið áfram því eins og Lewis og Sugai (1999) bentu á ætti SMT-teymi að vera þverskurður starfsfólks, þ.e. stjórnendur, kennarar og fulltrúi annars starfsfólks og æskilegt að sem flestir teymismedlimir hefðu lokið grunnmenntun PMTO. Nokkurrar gagnrýni gætti á meðal skólastjórnenda á að annað starfsfólk sem ekki væri háskólamenntað, eins og stuðningsfulltrúar og skólaliðar, ætti þess ekki kost að sækja námskeið í grunnmenntun PMTO. Það skyti skökku við þar sem fulltrúi þess hóps situr jafnan í SMT-teymi.

## Gæðamat og mælingar, en hvað svo?

Skólastjórnendur tóku fram í viðtölunum að gæðaeftirlit hefði verið eina innlegg fræðsluviðs sveitarfélagsins síðustu ár og að gengið hefði verið fast á eftir því. Slíkt eftirlit er mikilvægt því eins og Sugai o.fl. (2001) lögðu áherslu á styður SET-matslistinn (e. School Evaluation Tool) við tryggð við aðferð og hvatt hefur verið til aukinnar notkunar hans hérlendis (Auður Sif Kristjánsdóttir og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, 2019). Í SET-matinu er meðal annars skoðað hversu meðvitaðir nemendur og starfsfólk eru um leiðarljós síns skóla, hvaða reglur gildi á ákveðnum svæðum, hvernig hvatt er til jákvæðrar hegðunar og hvernig óæskileg hegðun er skráð. SET-listinn hefur sýnt gildi sitt sem gagnleg aðferð til þess að kanna hvort skólar nái 80% tryggð, sem er til marks um að aðferðinni sé fylgt nægjanlega vel (Horner o.fl., 2004). SET-matslistinn er því gæðamatstól skólanna í sveitarfélaginu en fræðsluvið hefur séð um að tímasetja og ákvarða hvaða skóli fer hvert til úttektarvinnu.

Í viðtölunum bentu skólastjórnendur á að skólarnir væru meðvitaðir um hvenær úttekt færi fram. Skólarnir byggju sig undir matnið þannig að nemendur og starfsfólk væru með á nótnum og aðferðin sýnileg á svæðum skólans, sem telja má til marks um metnað skólanna til að ná góðum árangri. Skólastjórnendurnir voru hins vegar óánægðir með að ekkert miðlægt eftirlit virtist vera með niðurstöðum SET-mats og þeim ekki fylgt eftir af sveitarfélaginu. Þannig fengist ákveðin niðurstaða úr matslistanum en ekki væri unnið með hana frekar. Einn viðmælenda lýsti stöðunni svona:

En það er þínu orðið svona ekki kannski skilvirkt að nýta þennan SET-lista en það er eitt af hálfu bæjarins að hafa smá eftirlit með því. En svo er hins vegar eftirlit með niðurstöðum ekkert frá þeim sem leggja fyrir SET-listann. Það kemur einhver niðurstaða en svo ekkert meira.

Sumir skólastjórnendur tóku fram að þeir hefðu gert athugasemdir við framkvæmd SET-mats, ferli væri ekki alltaf fylgt eftir með fyrirfram ákveðnum leikreglum heldur dygðu loforð starfsfólks um bót og betrun til þess að merkt væri við á matslista að ákveðnir þættir væru til staðar. Þannig fengist ekki rétt mat á stöðu tryggðar við aðferð. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að SET-matsferli fari rétt fram því annars er það ekki marktækt og nýtist ekki sem skyldi. Coffey og Horner (2012) benda enda á að ákvarðanir sem byggjast á gögnum (e. data-based decision making) séu eitt grundvallaratriði SMT-skólafærni.

Svör þátttakenda sýndu enn fremur að innra gæðaeftirlit skólanna hvílir að mestu á SMT-teymi hvers skóla fyrir sig. Teymisstjóri, einstakir meðlimir eða SMT-teymið í heild hefur það hlutverk að kanna tryggð við aðferð með því að skoða sýnileika og framkvæmd hennar í verki í öðrum skólum. Á meðal verkefna er að skoða hvort reglur séu sýnilegar í stofum, hvort hrósmiðum sé safnað skipulega og hvort ákveðin fyrirmæli séu sýnileg á tilteknum svæðum skólans. Skólastjórnendur bentu einnig á að þeir sjálfir ásamt SMT-teyminum fylgdust einnig með svokölluðum skráningarmiðum („stoppmiðum“) en samkvæmt aðferðinni eiga fimm hrósmiðar að fylgja einum skráningarmiða. Teymið fylgist þannig með hvort skráningar séu óeðlilega fáar eða margar. Stjórnendur lögðu áherslu á mikilvægi þess að skoða hvort erfiðum hegðunarmálum fylgdu skráningar þannig að hægt væri að skoða hvar og hvenær atvik ættu sér stað og hver skráði. SMT-teymin fylgdust þannig með virkni starfsfólks og gengju úr skugga um að allar tiltækar aðferðir SMT-skólafærni væru nýttar. Þetta fellur að hugmyndum Irvin o.fl. (2004) sem bentu á mikilvægi þess að upplýsingar sem safnast séu nýttar til frekari ákvarðana um aðgerðir og breytingar. Í viðtölunum kom fram að skólarnir kynntu reglulega niðurstöður skráninga, aðallega í tengslum við skráningarmiða og hvort hrósmiðum fylgdu svokallaðar hrósmiðaveislur. Mismunandi væri á milli skóla hvar kynningar færu fram en það gerðist ýmist á starfsmanna-, kennara- og/eða foreldrafundum. Í einhverjum tilvikum færi fram sérstök kynning í skólaráðum skólanna.

Áhugavert var að í viðtölum kom fram að sumir skólanna starfrækja sérstaka rýnihópa þar sem nemendur eiga fulltrúa. Hlutverk rýnihópanna sé að taka eftir því sem vel er gert og ígrunda hvað mætti betur fara. Samkvæmt skólastjórnendum hefur komið í ljós að virkni SMT-skólafærni í eldri bekkjum skólanna sé takmörkuð. Einn viðmælenda lýsti því svona:

Við erum með svona nemendarynihópa og á hverjum einasta rýnihópsfundi segja unglingarnir að þeir sakni þess að fá ekki að vera meira með í kerfinu. Það er verið að veita hrósmiða, það er verið að setja mörk, þau eru að fá stjórnustundir eða veislur ... þegar búíð er að safna ... þau eru að fá þetta allt saman en miklu óreglulegra.

Það virðist tengjast viðhorfi kennara, sem sumum fyndust eldri nemendur of gamlir fyrir hrós- eða skráningarmiða. Skólastjórnandi lýsti því með þessum hætti:

Ég er ekki að segja að allir kennararnir séu með þessum hætti en vandinn með unglingana er að okkar mati ... er starfsmannahópurinn hjá eldri nemendum frekar en krakkarnir sjálfir.

Hins vegar væru nemendur í rýnihópum þessu ósammála. Eldri nemendur vildu meiri virkni hjá kennurum sínum, svo sem umbunarkerfi og hrós, enda væru þeir vanir þátttöku í SMT-skólafærni frá yngri stigum. Skólastjórnendur lögðu í viðtölunum áherslu á að nemendur vildu að allt starfsfólk notaði verkfæri eins og samræmt orðalag og sams konar viðbrögð í skólanum. Sørli og Ogden (2015) hafa bent á að bekkjarstjórnun verður markvissari og andrúmsloft innan skólans jákvæðara með SMT-skólafærni.

## Minni stuðningur þrátt fyrir vonir og framtíðarvæntingar

Fram kom hjá skólastjórnendum að stuðningur sveitarfélagsins við verkefnið væri í lágmarki og miðlægt starfsmannahald óstöðugt, ólíkt því sem áður var. Horner o.fl. (2009) lögðu einmitt mikla áherslu á að skólar hefðu þétt stuðningsnet, nægan tíma með starfsfólki til þess að vinna að SMT-skólafærni, áskilinn tækjabúnaður væri til staðar og skólarnir fengju reglulega endurgjöf. Að mati skólastjórnendanna mætti tengja þennan dvínandi áhuga á SMT-skólafærni að einhverju leyti við að flestir sem starfa hjá sveitarfélaginu hafi, á meðan þeir störfuðu í grunnskóla, unnið eftir ólíkri hugmyndafræði. Í máli þátttakenda kom fram að vænlegra væri að einbeita sér að þeirri gagnreyndu aðferð sem reynst hefði vel til langs tíma og tryggði samfellu fyrir nemendur milli skóla og skólastiga í sveitarfélaginu. Fram kom í einu tilfelli þar sem leik- og grunnskóli eru í sama húsnæði að þar þurfa börnin að „skipta um hest í miðri á“ þar sem leikskólinn starfar eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar en grunnskólinn eftir SMT-skólafærni. Sørлие (2021) bendir einmitt á að meiri líkur séu á langtímatryggð við aðferð ef stuðningur skólastjórnenda og -yfirvalda er mikill. Þá benda niðurstöður hennar einnig til þess að eftir því sem fleiri skólar innan sama sveitarfélags innleiða sömu aðferð aukist tryggð við hana til muna.

Eins og að framan greinir virðist hafa verið sparad til við stjórnun SMT-skólafærni á fræðsluviði og miðlægt skipulag því oft endað á borði yfirmanna, sem að mati skólastjórnenda hefðu nóg annað á sinni könnu og skorti stundum þá sérfræðiþekkingu sem til þarf, t.d. grunnmenntun PMTO. Það gerði það að verkum að skipulag færi úr skorðum og markmið og framtíðarsýn í kringum verkefnið yrðu óskýr. Einn viðmælenda benti á þetta og sagði:

Maður finnur að mesta breytingin er að manni finnst að það vanti utanumhald og já kannski eftirfylgni frá skrifstofunni. Hvort hún á að vera jafnmikil og hún var kringum 2010 veit ég ekki ... en ef þú ætlar að hafa þessa stefnu að þá verðurðu að hafa einhverja miðlæga grunnkynningu þannig að skólarnir keyri og vinni þannig lagað í takt.

Sköðun skólastjórnenda fellur sem fyrr að því sem Sørлие (2021) greindi frá um niðurstöður norskra rannsókna á SMT-skólafærni. Þær hafa einmitt sýnt hversu brýn góð yfirsýn skólafyrivalda á verkefnið, gott innra skipulag, nægar bjargir hvað inngríp varðar eru og að markviss eftirfylgni auðveldi skólafyrvaldum að meta hvaða stuðning skólar þurfi til þess að tryggja farsælar niðurstöður.

Skólastjórnendum þótti skorta jákvæða umræðu um SMT-skólafærni í sveitarfélaginu og skólasamfélaginu í heild. Kynna þurfi hugmyndafræðina betur fyrir foreldrum og almenningi svo ljóst sé um hvað hún snýst. Umræðan virðist fyrst og fremst snúast um að svara gagnrýni á aðferðina. Fixsen o.fl. (2005) benda einmitt á að mikilvægt sé að skólasamfélagið og notendur þess verkefnis sem innleitt er séu virkir þátttakendur í mati á starfseminni. Skólastjórnendurnir lögðu áherslu á að bæta þyrfti miðlægt skipulag gæðaeftirlits, funda og handleiðslu, t.d. með eftirfylgni með SET-matstækinu og fundum þar sem öll SMT-teymi skólanna hittast og skiptast á ráðum og hugmyndum. Það rímar við niðurstöður Coffey og Horner (2012) sem skýrðu frá að mun meiri líkur séu á tryggð við aðferð og að hún standist tímans tönn ef utanaðkomandi stuðningur og tækifæri til samtals við aðra skóla eru til staðar.

Viðtölin bentu til þess að sveitarfélagið þurfi að auka stuðning til grunnskólanna og geti gert betur varðandi PMTO-grunnmenntun, en æskilegt er að allir sem sitja í SMT-teymi hafi lokið henni. Það samræmist áherslu Önnu Maríu Frímansdóttur og Margrétar Sigmarsdóttur (í prentun) á að lykilmál innan hvers skóla, sérstaklega SMT-teymismæðlimir, hafi lokið slíku námskeiði. Nýir stjórnendur og starfsfólk hafa ekki fengið tækifæri til PMTO-grunnmenntunar sem hefur áhrif á fagþekkingu SMT-teyma. Samkvæmt Sprague og Golly (2004) á lykilmál í hverjum skóla að bera ábyrgð á þróunarstarfi, viðhaldi aðferðar og þjálfun starfsfólks í helstu atriðum SMT-skólafærni. Skólastjórnendur leggja einnig ítrekað áherslu á að almennir starfsmenn ættu að eiga þess kost að sækja PMTO-grunnmenntunarnámskeið, ekki einungis háskólamenntaðir skólustarfsmenn, þar sem fulltrúi almenns starfsfólks situr líka í SMT-teymi svo þverskurður starfsmannahópsins náist við skipan hvers teymis.

Gögnin leiddu þar að auki í ljós að fjármagn til viðhalds SMT-skólafærni væri takmarkað og ekki sérstaklega eyrnamerkt verkefninu í fjárhagsáætlunum skólayfirvalda. Fixsen o.fl. (2005) leggja mikla áherslu á að til þess að innleiðing aðferða og viðhald þeirra skili árangri þurfi sveitarfélag að útvega nauðsynlegt fjármagn og gera umhverfi aðferðarinnar vænlegt með skýrri framtíðarsýn og stefnumótun. Sumir skólastjórnendur sögðust taka fjármagn úr miðlægri fjárúthlutun til skólans og greiða stjórnanda SMT-teymis litla fjárhæð fyrir að halda utan um teymisstarfið ef viðkomandi væri ekki skólastjórnandi, ellegar væri teymisforysta hluti af launum og starfsskyldum stjórnanda. Stjórnendur bentu á að ekki væri gert ráð fyrir fjármagni til efniskaupa og þyrftu skólarnir því að taka fjármagn af öðrum liðum til þess að standa undir þeim, s.s. fyrir hrósmiða, veggspjöld með sýnilegum reglum, hrósmiðaveislur og fleira. Þetta er óheppilegt þar sem fjárhagslegt sjálfstæði er einmitt forsenda þess að verkefnið lifi af (Lennox, 2020). Einn viðmælenda lýsti fjármögnum verkefnisins svona:

Fjárhagslegur stuðningur í dag er enginn og skólinn á bara að sinna þessu, það eru jú skólarnir fá ákveðna tíma úthlutaða í ... til að setja í teymi og fleira, og reyndar nýtum við hluta af því í SMT-teymið en það er ekki merkt neitt sérstaklega fyrir ... SMT, þannig að allt sem að þarf að kaupa inn, það þarf að hengja upp, það þarf að útbúa einkunnarorðin á veggspjöld og það þarf að ... alls konar ... hrósmiða og fleira, þetta er allt sem á bara að fara á skólann án þess að það sé merkt, auðvitað ætti það að vera bara sér liður sem hétu bara SMT.

Skólastjórnendur tóku fram í viðtölunum að minnkandi áhugi væri á styðjandi umræðu um SMT-skólafærni hjá fræðsluyfirvöldum sveitarfélagsins og lítið minnst á aðferðina. Í upphafi verkefnisins hefðu grunnskólar sveitarfélagsins verið hvattir til að innleiða SMT-skólafærni með góðum stuðningi. Þetta ætti ekki lengur við, án þess að sú breyting hefði verið tilkynnt sérstaklega eða rædd meðal skólastjórnenda. Þannig hefði einn grunnskólanna tekið upp aðra nálgun og fengið fjárhagslegan stuðning við innleiðingu hennar. Viðmælendur höfðu miklar áhyggjur af stuðningsleysi, upplifðu að búið væri að sleppa höndum af innra skipulagi og voru ósáttir við að ekki væri ráðið í stöður sem losnað hefðu og tengjast beint miðlægri yfirsýn á SMT-skólafærni. Einnig nefndu þátttakendur að þekking sem áunnist hefur hverfi við starfsmannaveiltu. Líkt og Lennox (2020) bendir á geti það teft verkefninu í tvísýnu ef þekking innan starfsmannahópsins fjarar út og frumkvöðlar hverfa af vettvangi. Skólastjórnendur ítrekuðu að frekari þjálfun og handleiðsla væri nauðsynleg, mikilvægt væri að uppfæra vinnubrögð miðað við nýjustu þekkingu og fræða þyrfti nýja stjórnendur í sveitarfélaginu.

Að mati skólastjórnenda þurfi að bregðast við svo aðferðin lognist ekki út af vegna sinnuleysis firvalda. Skólastjórnandi sem rætt var við lýsti því með þessum hætti:

Mér finnst vanta stuðning frá sveitarfélaginu, mér finnst vanta að sveitarfélagið tali þetta upp eða minnst á þetta almennt, að þetta sé aðferð sem við erum að nota og að við séum svolítið stolt af því og við séum ánægð með þetta. ... en það skiptir máli að það sé opinber stuðningur fyrir þessu og að það sé talað upp, ekki samt bara í orðum, það er aldrei minnst á þetta...

Þetta kemur heim og saman við staðhæfingar Mihalic o.fl. (2008) um að til þess að tryggð við aðferð náist þurfi framúrskarandi skipulag og samskiptahæfni stjórnenda og sömuleiðis Payne o.fl. (2006) um að stuðningur fræðslufirvalda, leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmannaveilta hafi þar einnig mikil áhrif. Niðurstöður viðtalanna gáfu góða mynd og hafa þýðingu fyrir framhald SMT-skólafærni í grunnskólum sveitarfélagsins og jafnvel víðar. Skólastjórnendur höfðu bæði á því sterka skoðun og von um að SMT-skólafærni fái að þróast og dafna í sveitarfélaginu en til þess þurfi nauðsynlega að auka við faglegan, fræðilegan og fjárhagslegan stuðning. Þá var að þeirra mati mikilvægt að sveitarfélagið markaði sér skýra stefnu um uppeldisáðferðir og skólafærni sem væri opinber, öllum kunn og mótuð í samvinnu við skólafólk.

## Samantekt og lokaorð

Spurningarnar sem svara var leitað við í þessari rannsókn beindust að: 1) stöðu innleiðingar og viðhalds SMT-skólafærni í einu sveitarfélagi; 2) þörf starfsfólks skólanna fyrir stuðning og fræðslu; 3) ábyrgð á og eftirfylgd gæðaeftirlits og 4) handleiðslu og fag- og fjárhagslegum stuðningi fræðslufyrivalda sveitarfélagsins við SMT-skólafærni. Í stuttu máli má segja að grunnskólarnir hafi eftir fremsta megni haldið SMT-skólafærni við en að dregið hafi tilfinnanlega úr þátttöku fræðslufyrivalda sveitarfélagsins, bæði fag- og fjárhagslega. Stjórnendur og starfsfólk hafa mikinn áhuga á og þörf fyrir meiri fræðslu og stjórnendur vilja öflugra mat á gæðum starfseminnar og eftirfylgd með niðurstöðum.

Sveitarfélagið sem var starfsvettvangur þátttakenda í þessari rannsókn hefur verið leiðandi í innleiðingu og viðhaldi SMT-skólafærni allt frá árinu 2002. Stýrihópur fagfólks hélt utan um verkefnið allt til ársins 2013 og sveitarfélagið vann mikið frumkvöðlastarf í innleiðingu SMT-skólafærni þar sem allir grunnskólar tóku þátt. Skipulag, þróun og viðhald verkefnisins var öðrum fyrirmynd og leitað til sveitarfélagsins um leiðsögn og ráðgjöf í SMT-skólafærni (Margrét Sigmarsdóttir, 2016). Ein ástæða dvínandi stuðnings sveitarfélagsins við verkefnið undanfarin ár kann að vera starfsmannavelta innan fræðsluviðs. Grunnskólarnir eru misjafnlega staddir hvað varðar þekkingu á aðferðunum, fjölda starfsfólks með grunnenntun PMTO og burði til viðhalds SMT-skólafærni. Í sumum skólum gæti áunnin þekking jafnvel horfið með brotthvarfi fárra starfsmanna. Skólarnir eiga hrós skilið fyrir að halda markvissu starfi við nálgunina gangandi þrátt fyrir erfiðar aðstæður, sem gæti verið til marks um þörf og vilja starfsfólks skólanna fyrir aðferðir eins og SMT-skólafærni.

Skiptar skoðanir hafa verið hérlendis á heildrænum nálgunum í skólastarfi. SMT-skólafærni hefur það fram yfir margar aðrar aðferðir sem nýttar eru hérlendis að hún er gagnreynd, vel skilgreind og verkferlar hennar skýrir og sýnt hefur verið fram á jákvæð áhrif hennar á aðlögun barna og skólastarf (sjá t.d. Sigrún Daníelsdóttir o.fl., 2020). SMT-skólafærni nær til allra nemenda grunnskólans og mætir þannig þörfum hins almenna nemanda, afmarkaðra nemendahópa sem eiga á hættu að þróa óæskilegt hegðunarmynstur og einstakra nemenda sem hafa þörf fyrir töluverðan stuðning við jákvæða hegðun. Með samræmdum aðferðum skólastarfsfólks er óæskileg hegðun fyrirbyggð eða stöðvuð og jákvæð hegðun styrkt sem stuðlar að aukinni félagsfærni og námsárangri nemenda. Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa sýnt að með markvissri innleiðingu, viðhaldi og gæðaeftirliti stuðlar SMT-skólafærni að aukinni velferð nemenda. Áhrif SMT-skólafærni á skólastarf hérlendis mætti hins vegar rannsaka enn frekar en gert hefur verið til þessa. Þessi rannsókn er liður í því.

Í sveitarfélaginu er mikil þekking á SMT-skólafærni. Starfsfólk skólanna hefur um árabil unnið markvisst að og öðlast þekkingu á gagnreyndum aðferðum PMTO og SMT-skólafærni, sem ná ekki einungis utan um skólastarf heldur stuðla einnig að öflugri samskiptum heimilis og skóla. Ef sveitarfélagið vill varðveita þá þekkingu sem skapast hefur síðastliðna tvo áratugi og vera áfram leiðandi afl í SMT-skólafærni virðist þurfa að endurskipuleggja verkefnið heildrænt og hugsanlega innleiða aftur ákveðna þætti svo tryggð haldist eða náist að nýju. Þrátt fyrir að margt hafi verið vel gert í SMT-skólafærni af hálfu sveitarfélagsins er hægt að túlka niðurstöður rannsóknarinnar sem ákall á aðstoð. Hér á eftir fara tillögur að aðgerðum sem byggjast á niðurstöðum þessarar rannsóknar og samræmast viðurkenndu verklagi SMT-skólafærni, sem nýta mætti til að svara ákalli skólastjórnenda:

- Heppilegt væri að setja saman miðlægan stýrihóp SMT-teyma skólanna og fulltrúa fræðsluviðs sem hefði heildaryfirsýn á starfið, líkt og gert var áður.
- Auka þarf fjárhagslegan stuðning (s.s. vegna launakostnaðar og efniskaupa) til þess að efla SMT-starfið.
- Brýnt er að fræðsluvið skipuleggi regluleg PMTO-grunnmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk, komi á reglulegum sameiginlegum fundum SMT- og lausnateyma skólanna og standi fyrir nýliðafræðslu.
- Nauðsynlegt er að hver skóli standi fyrir öflugri handleiðslu fyrir starfsfólk, skipuleggi reglulega þjálfun í bekkjarstjórnun og leggi áherslu á fræðslu fyrir foreldra.
- Útbúið verði heildrænt SMT-ársskipulag fyrir hvern skóla yfir starfið á skólaárinu og það kynnt vandlega fyrir öllu starfsfólki og skólasamfélaginu í heild.
- Gæðaeftirlit verði eftt, verklagsreglum SET-matstækisins fylgt, eftirfylgni aukin og áreiðanlegum matstækjum jafnvel fjölgað.
- Auka mætti samvinnu við innlent og erlent fræða- og fagfólk, t.d. varðandi fræðslu og þjálfun ásamt að efla hlutverk og þátttöku foreldra og skólasamfélagsins í heild.
- Koma þyrfti SMT-skólafærni betur á framfæri, bæði almennt í sveitarfélaginu í heild og sérstaklega innan hvers skóla. Kynna mætti verkefnið betur fyrir foreldrum og miðla fróðleik um SMT-skólafærni, bæði rafrænt og á fundum með foreldrum og öllu starfsfólki.
- Mikilvægt er að hver og einn skóli geri starf SMT-skólafærni sýnilegt og áhugavert með jákvæðum hætti.

Grunnskólarnir í sveitarfélaginu hafa unnið lofsvert starf í SMT-skólafærni þrátt fyrir að stuðningur hafi dvínað. Mikilvægt er að innra starf skólanna sé faglegt og markvisst og stuðli að viðhaldi og framþróun aðferðarinnar. Sterk SMT- og lausnateymi í hverjum skóla eru lykill að velgengni og mikilvægt að teymin séu skipuð starfsfólki með PMTO-grunnmenntun þar sem þátttaka skólustjórnenda skiptir miklu máli.

## **Implementation of PBIS in an Icelandic Municipality: School Administrators' Perspectives**

To meet the needs of all students it is important that schools implement effective and strategic methods for creating a positive school environment. Training school staff in using evidence-based methods to promote the well-being of all students is vital. One such method, Positive Behavior Interventions and Supports (PBIS), has been used in Iceland for over 20 years, with earlier studies documenting its benefits and effectiveness. The aim of this study was to review the status of PBIS implementation in one municipality in Iceland and to examine whether and how the program has been sustained since its initial implementation two decades ago. Notably, PBIS was implemented in this municipality following rigorous implementation of Parent Management Training-Oregon Model (PMTO), an evidence-based intervention for parents and caregivers to support their children's adjustment. As such, support services for schools on one hand, and families on the other, were carefully aligned in this community. In the current study, PBIS staff training, coaching, and quality control, as well as the adequacy of project support and resources, were investigated using qualitative research methods. Participants, who included five school administrators selected based on their vast experience using purposive sampling methods, shared their views via semi-structured interviews. All participants had substantial PBIS experience as part of their work in one or more schools within the municipality. Interviews were conducted via an online meeting platform (Microsoft Teams) and data were analyzed using Braun and Clarke's six-phase thematic analysis approach. Four themes were identified and labeled as follows: 1) *Strategic practices skillfully guided by steering group*; 2) *Efforts to sustain school staff knowledge lack municipal support*; 3) *Quality evaluations and assessment, and then what?*; and 4) *Diminished support despite hopes and future aspirations*. Results revealed that all schools have successfully continued PBIS implementation since its initiation. School staff has gained significant knowledge regarding PBIS and they view it as a good option for meeting all students' needs. Nonetheless, the present findings also reflect a "cry for help", in that participants indicated that program support and maintenance, as well as a future vision for PBIS in the municipality are inadequate. Coaching, training, and guidance for staff, administrators, and teams is entirely led and organized by each school. Based on participant responses, the municipality's only involvement includes organizing the assessment of PBIS implementation fidelity using the SET tool; however, follow-up regarding assessment data seems to be lacking. The current results underscore the challenge faced by the municipality in preserving PBIS knowledge gained by the school community, and in future development of the program. Should the school community be interested in responding to the findings of this study, several practical suggestions, based on best practices, are made. These include: a) reinstating a centralized PBIS steering group, with staff members from the schools as well as the municipality to allow for greater implementation oversight; b) increasing PBIS funding (e.g., for materials and salaries); c) guaranteeing continuing professional development and training for new school staff regarding PBIS; d) offering rigorous consultation and supervision within each school (e.g., for classroom management) as well as ensuring parents are involved and informed regularly; e) enhancing quality and fidelity assessment practices, using valid and reliable evaluation tools, with consistent follow-up; f) strengthening collaborative efforts, for example by partnering with researchers both nationally and internationally regarding training, as well as the involvement of the larger school community; g) allowing for greater dissemination of PBIS outcomes, both within and outside the municipality, especially within each school and to parents, using various means (e.g., online, in meetings with parents and staff, etc.); h) increasing PBIS visibility to maintain positivity and interest within the community. The schools are commended for their efforts to sustain PBIS despite the many challenges they face.

**Key words:** PBIS, PMTO, evidence-based practices, implementation, fidelity of implementation.



### Um höfunda

Leifur S. Garðarsson (lsg5@hi.is) er fyrrum skólastjóri og útskrifaðist með M.Ed. gráðu í stjórnun menntastofnana frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands vorið 2022.

Bergljót Gyða Guðmundsdóttir (bgg@hi.is) er sálfræðingur með sérfræðiviðurkenningu í skólasálfræði og dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Margrét Sigmarsdóttir (margr@hi.is) er sálfræðingur með sérfræðiviðurkenningu í klínískri barnasálfræði og dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

### About the authors

Leifur S. Garðarsson (lsg5@hi.is) is a former school principal and graduated with an M.Ed. degree in Educational Directorship from the University of Iceland, School of Education in June 2022.

Bergljót Gyða Guðmundsdóttir (bgg@hi.is) is a psychologist and a certified school psychology specialist, and associate professor at the University of Iceland, School of Education.

Margrét Sigmarsdóttir (margr@hi.is) is a psychologist and a certified clinical child psychology specialist, and associate professor at the University of Iceland, School of Education.

## Heimildir

- Anna María Frimannsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir. (í prentun). Implementation of evidence-based programs for behavior problems: SW-PBIS in relation to PMTO in community settings in Iceland. Í S. L. Goei og R. D. Pry (ritstjórar), *School-wide positive behavior interventions and supports: European research, applications, and practices*. Taylor & Francis.
- Auður Sif Kristjánsdóttir og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir. (2019). Staða rannsókna á heildstæðum stuðningi við jákvæða hegðun (PBS) í grunnskólum á Íslandi. *Sálfræðiritið*, 24, 7–22. <https://www.salfradiritid.is/sal1/timarit/salfradiritid2019.pdf>
- Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, Erla Karlsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir. (2021). Þekking og aðferðir grunnskólakennara á Íslandi í stuðningi við nemendur með ADHD. *Netla – Vefímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2021/rynd/10.pdf>
- Bradshaw, C. P., Mitchell, M. M. og Leaf, P. J. (2010). Examining the effects of schoolwide positive behavioral interventions and supports on student outcomes: Results from a randomized controlled effectiveness trial in elementary schools. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 12(3), 133–148. <https://doi.org/10.1177/1098300709334798>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. SAGE.
- Chambless, D. L. og Hollon, S. D. (1998). Defining empirically supported therapies. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 66(1), 7–18. <https://doi.org/10.1037/0022-006X.66.1.7>
- Coffey, J. og Horner, R. H. (2012). The sustainability of schoolwide positive behavioral interventions and supports. *Exceptional Children*, 78(4), 407–422. <https://doi.org/10.1177/001440291207800402>
- Debnam, K. J., Pas, E. T. og Bradshaw, C. P. (2012). Secondary and tertiary support systems in schools implementing school-wide positive behavioral interventions and supports: A preliminary descriptive analysis. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 14(3), 142–152. <https://doi.org/10.1177/1098300712436844>
- Elrod, B. G., Rice, K. G. og Meyers, J. (2022). PBIS fidelity, school climate, and student discipline: A longitudinal study of secondary schools. *Psychology in the Schools*, 59(2), 376–397. <https://doi.org/10.1002/pits.22614>
- Fixsen, D. L., Naoom, S. F., Blase, K. A., Freidman, R. M. og Wallace, F. (2005). *Implementation research: A synthesis of the literature*. University of South Florida.
- Flannery, K. B., Fenning, P., Kato, M. M. og McIntosh, K. (2014). Effects of school-wide positive behavioral interventions and supports and fidelity of implementation on problem behavior in high schools. *School Psychology Quarterly*, 29(2), 111–124. <https://doi.org/10.1037/spq0000039>

- Forgatch, M. S., Patterson, G. R. og Friend, T. (2017). *Raising cooperative kids: Proven practices for a connected, happy family*. Conari Press.
- Forgatch, M. S. og Patterson, G. R. (2010). Parent Management Training-Oregon model: An intervention for antisocial behavior in children and adolescents. Í J. R. Weisz og A. E. Kazdin (ritstjórar), *Evidence-based psychotherapies for children and adolescents* (bls. 159–177). The Guilford Press.
- Horner, R. H. og Sugai, G. (2015). School-wide PBIS: An example of applied behavior analysis implemented at a scale of social importance. *Behavior Analysis in Practice*, 8, 80–85. <https://doi.org/10.1007/s40617-015-0045-4>
- Horner, R. H., Sugai, G., Smolkowski, K., Eber, L., Nakasato, J., Todd, A. W. og Esperanza, J. (2009). A randomized, wait-list controlled effectiveness trial assessing school-wide positive behavior support in elementary schools. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 11(3), 133–144. <https://doi.org/10.1177/1098300709332067>
- Horner, R. H., Todd, A. W., Lewis-Palmer, T., Irvin, L. K., Sugai, G. og Boland, J. B. (2004). The school-wide evaluation tool (SET): A research instrument for assessing schoolwide positive behavior support. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 6(1), 3–12. <https://doi.org/10.1177/10983007040060010201>
- Irvin, L. K., Tobin, T. J., Sprague, J. R., Sugai, G. og Vincent, C. G. (2004). Validity of office discipline referral measures as indices of school-wide behavioral status and effects of school-wide behavioral interventions. *Journal of Positive Behavioral Interventions*, 6(3), 131–147. <https://doi.org/10.1177/10983007040060030201>
- Lee, A. og Gage, N. A. (2020). Updating and expanding systematic reviews and meta-analyses on the effects of school-wide positive behavior interventions and supports. *Psychology in the Schools*, 57(5), 783–804. <https://doi.org/10.1002/pits.22336>
- Lennox, L. (2020). Sustainability. Í P. Nilsen og S. A. Birken (ritstjórar), *Handbook on implementation science* (bls. 333–367). Edward Elgar Publishing Limited.
- Lewis, T. J., Barrett, S., Sugai, G. og Horner, R. H. (2010). *Blueprint for school-wide positive behavior support training and professional development*. National Technical Assistance Center on Positive Behavior Interventions and Support.
- Lewis, T. J. og Sugai, G. (1999). Effective behavior support: A systems approach to proactive schoolwide management. *Focus on Exceptional Children*, 31(6), 1–24. <https://doi.org/10.17161/foec.v31i6.6767>
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide* (3. útgáfa). SAGE.
- Margrét Sigmarsdóttir. (2016). Foreldrafærni – Oregon aðferð: Bakgrunnur, innleiðing og áhrif á Íslandi. Í Andri Steinþór Björnsson, Guðfinna Eydal og Katrín Kristjánsdóttir (ritstjórar), *Af sál: Greinasafn handa Álfheiði Steinþórsdóttur sálfræðingi* (bls. 133–149). Háskólaútgáfan.
- Margrét Sigmarsdóttir og Anna Björnsdóttir. (2012). Community implementation of PMTO™: Impacts on referrals to specialist services and schools. *Scandinavian Journal of Psychology*, 53(6), 506–511. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9450.2012.00974.x>
- Margrét Sigmarsdóttir, Forgatch, M. S., Edda Vikar Guðmundsdóttir, Örnólfur Thorlacius, Svendsen, G. T., Tjaden, J. og Gewirtz, A. H. (2019). Implementing an evidence-based intervention for children in Europe: Evaluating the full-transfer approach. *Journal of Clinical Child & Adolescent Psychology*, 48(sup1), S312–S325. <https://doi.org/10.1080/15374416.2018.1466305>
- Margrét Sigmarsdóttir, Örnólfur Thorlacius, Edda Vikar Guðmundsdóttir og DeGarmo, D. S. (2015). Treatment effectiveness of PMTO for children's behavior problems in Iceland: Child outcomes in a nationwide randomized controlled trial. *Family Process*, 54(3), 498–517. <https://doi.org/10.1111/famp.12109>
- Mathews, S., McIntosh, K., Frank, J. L. og May, S. L. (2014). Critical features predicting sustained implementation of School-Wide Positive Behavioral Interventions and Supports. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 16(3), 168–178. <https://doi.org/10.1177/1098300713484065>
- McIntosh, K., Mercer, S. H., Hume, A. T., Frank, J. L., Turri, M. G. og Mathews, S. (2013). Factors related to sustained implementation of schoolwide positive behavior support. *Exceptional Children*, 79(3), 293–311.
- McIntosh, K., Mercer, S. H., Nese, R. N. T., Strickland-Cohen, M. K., Kittelman, A., Hoselton, R. og Horner, R. H. (2018). Factors predicting sustained implementation of a universal behavior support framework. *Educational Researcher*, 47(5), 307–316. <https://doi.org/10.3102/0013189x18776975>
- Mihalic, S. F., Fagan, A. A. og Argamaso, S. (2008). Implementing the LifeSkills Training drug prevention program: Factors related to implementation fidelity. *Implementation Science*, 3(5), 1–16. <https://doi.org/10.1186/1748-5908-3-5>

- Pas, E. T. og Bradshaw, C. P. (2012). Examining the association between implementation and outcomes. *Journal of Behavioral Health Services & Research*, 39, 417–433. <https://doi.org/10.1007/s11414-012-9290-2>
- Pas, E. T., Ryoo, J. H., Musci, R. J. og Bradshaw, C. P. (2019). A state-wide quasi-experimental effectiveness study of the scale-up of school-wide Positive Behavioral Interventions and Supports. *Journal of School Psychology*, 73, 41–55. <https://doi.org/10.1016/j.jsp.2019.03.001>
- Patterson, G., Reid, J. B. og Dishion, T. J. (1992). *A social interactional approach: IV – Antisocial boys*. Castalia Publishing Company.
- Patterson, G. R., Reid, J. B. og Eddy, M. (2002). A brief history of the Oregon model. Í J. B. Reid, G. R. Patterson og J. Snyder (ritstjórar), *Antisocial behavior in children and adolescents. A developmental analysis and model for intervention* (bls. 3–21). American Psychological Association. <https://doi.org/10.1037/10468-001>
- Payne, A., Gottfredson, D. C. og Gottfredson, G. D. (2006). School predictors of the intensity of implementation of school-based prevention programs: Results from a national study. *Prevention Science*, 7(2), 225–237. <https://doi.org/10.1007/s11121-006-0029-2>
- Rains, L. A., Margrét Sigmarsdóttir og Forgatch, M. S. (2021). Development and implementation of an evidence-based parent management and training intervention: GenerationPMTO. Í M. E. Feinberg (ritstjóri), *Designing evidence-based public health and prevention programs: Expert program developers explain the science and art* (bls. 72–91). Routledge.
- Sigrún Danielsdóttir, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, Guðmundur Skarphéðinsson, Íris Dögg H. Marteinsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Brynhildur Axelsdóttir. (2020). *Námsefni og heildarskólanálgun til að efla jákvæða hegðun og félags- og tilfinningafærni í íslenskum skólum*. Embætti landlæknis. <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item43845/Namsefni%20og%20heildarskolanalgun%20skyrsla%20nov2020.pdf>
- Sprague, J. R. og Golly, A. (2004). *Best behavior: Building positive behavior support in schools*. Sopris West Educational Services.
- Sprague, J. R., Sugai, G., Horner, R. og Walker, H. M. (1999). Using office discipline referral data to evaluate school wide discipline and violence prevention interventions. *Oregon School Study Council Bulletin*, 42(2), 1–18. <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED427438.pdf>
- Sprick, R. S., Garrison, M. og Howard, L. (1998). *CHAMPs: A proactive and positive approach to classroom management*. Sopris West.
- Sugai, G., Lewis-Palmer, T. L., Todd, A. W. og Horner, R. H. (2001). *School-wide evaluation tool (SET)*. University of Oregon.
- Sørli, M.-A. (2021). Structural, cultural and instructional predictors essential to sustained implementation fidelity in schools: The School-Wide Positive Behavior Support Model (SWPBS). *International Journal of Research Open*, 2, 100082. <https://doi.org/10.1016/j.ijedro.2021.100082>
- Sørli, M.-A. og Ogden, T. (2015). School-Wide Positive Behavior Support-Norway: Impacts on problem behavior and classroom climate. *International Journal of School & Educational Psychology*, 3(3), 1–16. <https://doi.org/10.1080/21683603.2015.1060912>
- Terry, G., Hayfield, N., Clarke, V. og Braun, V. (2017). Thematic analysis. Í C. Willig og W. S. Rogers (ritstjórar), *The SAGE handbook of qualitative research in psychology* (bls. 17–37). SAGE.
- Walker, H. M., Horner, R. H., Sugai, G., Bullis, M., Sprague, J. R., Bricker, D. og Kaufman, M. J. (1996). Integrated approaches to preventing antisocial behavior patterns among school-age children and youth. *Journal of Emotional and Behavioral Disorders*, 4(4), 194–209.



Leifur S. Garðarsson, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir. (2022). Af innleiðingu SMT-skólafærni í einu sveitarfélagi: Áskoranir en vel unnið verk Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2022/alm/15>  
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2022.15>